

Þegar samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir nemendur í níunda bekk þann 8. mars síðastliðinn komu upp tæknileg vandamál sem gerði mörgum nemendum erfitt fyrir. Líklegt er að þessi truflun hafi áhrif á útkomuna og draga úr marktækni prófanna, sem nú þegar hefur verið dregin í efa.

Núna er sú staða komin upp að fresta á þeim prófum sem áttu að vera 9. og 10. mars og eiga skólar að leggja þau fyrir nemendurna á tímabilinu 15. til 26. mars.

Fokusinn á þessi samræmdu próf hefur nú þegar tekið tíma frá skólastarfinu, auk þess sem þau valda mörgum nemendum bæði kvíða og vanlíðan. Í stað þess að geta haldið eðlilegu skólastarfi áfram þurfa nemendur núna að hafa þetta enn lengur hangandi yfir sér. Sú staða er ekki boðleg, ekki fyrir skólana og alls ekki fyrir nemendurna.

Hafnarfjarðarbær vinnur þessi misserin að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðupjóðanna. Í þriðju grein sáttmálans stendur; „Þegar fullorðnir taka ákvarðanir eiga þeir að hugsa um hvaða áhrif þær hafa á börn og eiga að gera það sem er best fyrir þau. Stjórnvöld eiga að tryggja að foreldrar verndi börn sín og gæti þeirra eða aðrir í þeirra stað þegar þörf er á. Stjórnvöld eiga að sjá til þess að fólk sem ábyrgt er fyrir börnum hafi hagsmuni þeirra alltaf að leiðarljósi og staðir sem ætlaðir eru börnum uppfylli einnig þær skyldur.“

Í ljósi þessarar stöðu sem upp er komin varðandi vandamál og frestun samræmdra könnunarprófa níunda bekkjar, ofan í það álag sem skapast hefur vegna covid19 faraldursins, er það eina rétta í stöðunni að taka þá ákvörðun sem er væntanleg til að vera börnunum fyrir bestu. Þeirra velferð og líðan skiptir meira máli en samræmd könnunarpróf.

Hafnarfjarðarbær ætti því, með hagsmuni nemendanna að leiðarljósi, að taka þá ákvörðun að hætta við að láta skóla bæjarins leggja þessi samræmdu próf fyrir nemendur níunda bekkjar í ár. Þó það brjóti í bága við 39. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 þá eiga börnin alltaf að njóta vafans. Þessi atburðarrás sem skapast hefur er þeim ekki til góða.

Birgir Örn Guðjónsson,  
Fulltrúi Bæjarlistans í fræðsluráði Hafnarfjarðar